

Björg Vigfúsína Kjartansdóttir

Ásmundur Sveinsson



Ásmundarsafn





Einn sumardag um kvöld brá ég mér í gönguferð að Ásmundarsafni. Ég settist þar á bekk og naut kyrrðarinnar.

Eftir stutta stund tók ég eftir að það var einhver að tala. Það var talað lágt. Ég leit í kringum mig og sá ekki nokkurn mann. Þá lokaði ég augunum til að heyra betur hvað væri verið að segja.

Síðan opnaði ég augun og sá þá tvo trjáálfa, strák vera að tala við stelpu. Þau sátu í stóru birkitré sem var þarna rétt við bekkinn hjá mér.



Ég heyrði að álfastrákurinn heitir Bjartur og álfastelpan heitir Birta. Bjartur fór að segja Birtu frá Ásmundi sem bjó til húsið og listaverkunum hans á safninu.

Bjartur sagði:

„Maðurinn sem bjó til öll listaverkin
og húsið hét Ásmundur Sveinsson.



Ásmundur

Ásmundur fæddist 20. maí 1893 á
bóndabænum Kolstöðum í Dalasýslu.
Honum fannst mjög gaman að teikna.
Hann var fimmti í systkinaröðinni og
var einn af ellefu systkinum.
Strákarnir voru samtals sjö og
stelpurnar voru fjórar. Þetta var
enginn smá hópur af krökkum.

Þegar Ásmundur var 22 ára fór hann í Iðnskólann í Reykjavík og lærði teikningu. Á sama tíma var hann að læra tréskurð hjá manni sem hét Ríkarður Jónsson.

Ríkarður



Mynd sem
Ríkarður
málaði af
Ásmundi

Ásmundur var í iðnskólanum í 4 ár. Eftir það ákvað hann að fara í framhaldsnám í teikningu og flutti til Kaupmannahafnar sem er í Danmörku. Hann var þar í eitt ár.

Síðan fór hann í listaháskólann í Stokkhólmi sem er í Svíþjóð og sérhæfði sig í höggmyndalist. Kennarinn hans þar var myndhöggvari og hét Carl Milles. Ásmundur var þar í 6 ár.



Carl Milles.

Frá Svíþjóð flutti hann til Parísar sem er í Frakklandi og hélt áfram að læra höggmyndalist. Kennarinn hans þar hét Charles Despiau.



Charles Despiau


Ásmundur fór síðan til Grikklands og Ítalíu til að kynna sér höggmyndalist Forn-Grikkja og Rómverja.

Ásmundur flutti síðan aftur til Íslands þegar hann var orðinn 36 ára".

„Hvað var Ásmundur eiginlega samtals í mörg ár í útlöndum?" Spurði Birta.

„Við verðum að reikna það." sagði Bjartur

Hann fór til Kaupmannahafnar þegar hann var 22 ára.



Birta var alveg hissa. „Hvernig veistu þetta allt saman eiginlega?"

Bjartur sagði henni að hann vissi svona margt um Ásmund af því að hann átti heima hérna á þessum stað þegar Ásmundur byrjaði að byggja húsin sín.

„Það kom oft fólk að tala við hann. Þá var ég ein eyru og hlustaði hugfanginn á það sem hann hafði að segja. Hann sagði nefnilega svo skemmtilega frá.

Jæja Birta ertu nú tilbúin að heyra meira?”

„Já ég er tilbúin, haltu áfram með söguna.”



„Þegar Ásmundur kom til Íslands fékk hann það verkefni að búa til lágmynd í Austurbæjarskóla. Veistu hvað lágmynd er? ”

„Nei, hvað er það? ” Spurði Birta.

„Það er höggmynd sem er höggvin í sléttan flöt.

Myndin er slétt að aftan á en upphleypt mynd að framan.

Ég ætla að sýna þér.



Vinnustofan hans Ásmundar var fyrst inni í Laugarnesi á Holdveikraspítalanum sem brann fyrir mörgum árum.

Þegar hann var 40 ára byggði hann hús á Freyjugötu 41 þar sem Ásmundarsalur er núna. Þar eru haldnar listaverka sýningar í dag.



Freyjugata 41

En fljótlega var það ekki nógu stór vinnustaður fyrir hann.


Ásmundur fékk nýja lóð til að byggja á í Sigtúni. Hann byggði sér hús til að búa í og til að vinna í. Hann byggði húsið sjálfur. Fyrst byggði hann kúlu í arabískum stíl.



Síðan bætti hann við kúluna píramítum í egypskum stíl



Að lokum byggði hann bogaskemmu á bak við kúluhúsið, til að geyma listverk sem ekki er hægt að hafa úti. "



„Hvað var hann þá í mörg ár að byggja öll húsin? " Spurði Birta. „Bíddu við " sagði Bjartur.

Ummm ...


Kúluhúsið byggði hann á árunum 1942-1943 og píramítann byggði hann 1946. Að lokum byggði hann bogaskemmuna 1955 - 1959
Hvað eru það samtals mög ár? "

„Birta, var ég búin að segja þér að
Ásmundur var kennari í
Myndlistarskólanum í Reykjavík á
árunum 1947 - 1964? ”

„Nei. Hvað kenndi hann í mörg ár? ”
sagði Birta.

„Bíddu við, teljum það”
sagði Bjartur ...

„Það er svo gaman að reikna svona. ”



„Bjartur“ sagði Birta.

„Þú átt alveg eftir að segja mér frá öllum listaverkunum. “




„Já“ sagði Bjartur.

„Ég á ennþá eftir að segja þér frá mörgu. “

„Ásmundur bjó til margar höggmyndir og önnur listaverk. Þegar Ásmundur var spurður hvað hann væri lengi að vinna að listaverkunum, sagði hann stundum að hann hafi verið í mörg ár að hugsa um hvert verk áður en hann bjó það til. Finnst þér það ekki skrítið? “

„Ásmundur notaði mismunandi efni í listaverkin sín. Stundum notaði hann stein, járn, tré, gifs eða eir. Hann beygði og sveigði járníð til. Hann hjó í steina og skar í tré. ”



Stundum byggði hann verkin sín á sögum, samanber verkið Sæmundur á selnum.



Verkið Móðir mín í kvíkví



Eða listaverkið um söguna Ólafur
Muður, en verkið sjálft heitir
Tröllkonan



Hann notaði líka atburði úr lífi fólks í gamla daga, t.d. þurfti að bera vatnið heim í hús í fötum. Hann bjó til höggmynd sem heitir Vatnsberinn.



Og verkið hans Kona að strokka.
Í gamla daga strokkuðu konurnar til
að búa til smjör.



Hann hugsaði líka um náttúruna
þegar hann var að vinna að listinni.
Þetta verk heiti Móðir jörð



Og svona má lengi telja. En nú er ég
orðinn svo þreyttur að ég man
ekkert fleira í bil nema að ...

Ásmundur dó í Reykjavík í desember 1982. "

„Hvað var hann þá gamall“ spurði Birta?



„Ásmundur arfleiddi Reykjavíkurborg listasafn sitt og húsin við Sigtún eftir sinn dag. Þar er hægt að skoða verkin hans.

Listasafn Reykjavíkur á 2362
listaverk eftir Ásmund.
Þar af eru 384 höggmyndir.
Önnur verk eru t.d. skissur og
teikningar.



„Bjartur“, sagði Birta
„Ég veit af hverju það er verið
að laga listaverkin. Það er svo
að þau skemmist ekki. Ég sá
fólk vera að laga þau í garðinum
í dag.“

„Birta, nennir þú að koma og
príla í stóru styttunum? ”
Það má



„Ásmundur sagði að það þyrfti
að búa til myndir fyrir börn til
að leika sér í og þau þyrftu að
fá að fíkta í stóru styttunum. ”

„Já, komum, ég ætla að prófa að
renna mér í Tröllkonunni.
Komum í eltingaleik. ”